

Reykjavík, 29. október 2018.

Velferðarnefnd Alþingis

Alþingi v/Austurvöll

Nefndarsvið Alþingis hefur fyrir hönd velferðarnefndar Alþingis leitað eftir umsögn landssamtakanna Geðhjálpar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007, með síðari breytingum (afnám krónu á móti krónu skerðingar) þingskjal 54 – 54. mál.

Öryrkjum er greidd sérstök framfærsluuppbot ofan á grunnlífeyri til að tryggja lágmarks framfærslu í samræmi við 9. gr. laga um félagslega aðstoð. Hins vegar skerðist þessi upphæð um 100% vegna annarra tekna eða krónu á móti krónu og breytir þar engu hvort um launatekjur, fjármagnstekjur, lífeyristekjur af einhverju tagi eða annars konar tekjur er að ræða.

Stjórn Geðhjálpar skorar á Alþingi Íslendinga að samþykkja frumvarp um afnám krónu á móti krónu skerðingar og leggja þar með sitt lóð á vogarskálarnar til að draga úr mismunun gagnvart öryrkjum með geðgreiningu og aðrar greiningar. Skerðingin felur ekki aðeins í sér margfalt brot á Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks heldur ákvæði Stjórnarskrárinnar um bann við mismunun. Með sama hætti er óviðunandi að krónu á móti krónuskerðingin hafi verið afnumin gagnvart öldruðum en látin standa gagnvart öryrkjum.

Króna á móti krónu skerðingin rýrir í senn áunnin réttindi og launatekjur öryrkja og veldur því að lífeyriskerfið verður mun flóknara heldur en ástæða er til með skerðingum á milli ólíkra bótaflokka. Síðast en ekki síst drepur skerðingin hvata öryrkja til að feta sig út á vinnumarkaðinn. Atvinnuþátttaka við hæfi hvers og eins hefur í mörgum tilvikum reynst jákvæður þáttur í endurhæfingu fólks með geðröskun. Jafnframt mun vaxandi atvinnuþátttaka öryrkja vega upp á móti óréttmætum ávinningi hins opinbera af krónu á móti krónu skerðingunni þegar til langtíma er litið.

Stjórn Geðhjálpar leggur áherslu á að ekki sé ástæða til að seinka afnámi krónu á móti krónu skerðingarinnar, m.a. í tengslum við vinnu við starfsgetumat. Þvert á móti beri stjórnvöldum að afnema þessa skerðingu í því skyni að koma í veg fyrir áframhaldandi mannréttindabrot gagnvart fjölmennum hópi öryrkja hið allra fyrsta.

Virðingarfyllt,

Hrannar Jónsson, formaður Geðhjálpar.

